



Hvalfjarðarsveit, 2. nóvember 2017.

Til sveitarstjórna á Vesturlandi.

### 1. Fjárhagsáætlun HeV 2018.

Á stjórnarfundi heilbrigðisnefndar Vesturlands, sem haldinn var s.l. mánudag, 31. október, var samþykkt samhljóða meðfylgjandi tillaga að fjárhagsáætlun fyrir 2018.

Gert er ráð fyrir að tímagjald hækki um 2,5 %, þ.e. fari úr kr. 14.381 í kr. 14.741.

Beint framlag sveitarfélaganna hækkar um 2,5 % og verður nú kr. 12.489.000. Framlagið miðast við íbúatölu hvers sveitarfélags og er fyrsta greiðsla af þremur miðuð við íbúafjölda 1. júní s.l. og leiðrétt í seinni greiðslum þegar íbúatalan liggur fyrir um áramót.

Í fjárhagsáætlunni er enn gert ráð fyrir starfsmanni til sumarafleysinga í allt að 6 vikur. Þetta fyrirkomulag hefur ekki verið nýtt á liðnum árum enda takmarkað hvað slíkur starfsmaður má gera.

Bent skal á að sveitarfélögin bera fjárhaglega ábyrgð á heilbrigðiseftirlitsins sbr. ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og þurfa því að samþykkja fjárhagsáætlun HeV.

**Er óskað eftir að sveitarfélögin fjalli um meðfylgjandi fjárhagsáætlun 2018 og sendi inn athugasemdir til HeV fyrir 15. desember n.k.**

### 2. Breytingar á samþykktum og gjaldskrár sveitarfélaga sem byggja á lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Vegna úrskurðar nr. 17/2016 sem úrskurðarnefnd um umhverfis- og auðlindamál (UUA) sendi frá sér í byrjun árs 2016 vill heilbrigðisnefnd beina þeim tilmælum til sveitarstjórna að senda fyrirhugaðar breytingar á gjaldskrár og samþykktum, sem byggja á lögum nr. 7/1998, til umsagnar heilbrigðisnefndar fyrir 15. desember n.k., ef afgreiða á þær fyrir áramót.

### 3. Skipulagsmál vegna gististaða

Heilbrigðisnefndin hefur á fundum sínum ítrekað rætt um gististaði (ekki heimagistingu) í íbúðahverfum og frístundabyggðum. Á liðnum árum hefur borið nokkuð á gististöðum í II. flokki skv. lögum nr. 85/2007 í íbúðarhverfum og á frístundasvæðum. Við breytingar á gististaðalöggjöfinni sem komu til framkvæmda í byrjun árs m.a. vegna heimagistingar eru þessi mál orðin nokkuð snúin, sérstaklega vegna eldri gististaða.

Því beinir heilbrigðisnefnd því til sveitarstjórna að tilkynna til Heilbrigðiseftirlits Vesturlands (HeV) þegar húsnæði, íbúðir eða frístundahús, sem fyrirhugað er að leigja út skv. lögum nr. 85/2007, uppfylla ekki ákvæði skipulags. Óskað er eftir því að HeV verði upplýst sem fyrst eftir að beiðni berst til sveitarfélagsins um umsögn þessa húsnæðis vegna rekstrarleyfis fyrir gististað.

### 4. Sveitamarkaðir-leyfismál

Heilbrigðisnefnd beinir því til sveitarstjórna og eigenda húsnæðis þar sem matvælamarkaðir eru haldnir að krefjast þess að sótt verði um leyfi til sölu matvæla skv. ákvæðum matvælalaga.

### 5. Breyttar reglugerðir

- Hollustuháttareglugerð nr. 941/2002 þar sem m.a. gæludýrahald er leyft á veitingastöðum
- Sundlaugareglugerð nr. 814/2010 þar sem m.a. köld ker þurfa ekki ekki að vera með sóttþreinsibúnaði.
- Reglugerð um baðstaði í náttúrunni nr. 460/2015 þar sem m.a. er opnað inn á rekstur afþreyingarlauga.
- Ný reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi.

Með kveðju,  
Helgi og Ása

### Fylgiskjöl:

Tillaga að fjárhagsáætlun 2017 með viðmiðun við áætlun 2016. Áætlaðar beingreiðslur sveitarfélaga Fundargerð stjórnarfundar nr. 145